

Umsögn Ferðamálaráðs um fjármálaáætlun 2018-2022, 402. mál

Ferðamálaráð gerir eftirfarandi athugasemdir við fjármálaáætlun árána 2018-2022

Ferðamálaráð bendir á að mikilvægt er að styðja starfsumhverfi ferðaþjónustunnar á víðum grunni. Sveiflur í gengi krónunnar hafa leikið ferðaþjónustufyrirtæki grátt um nokkurt skeið og launahækkarnir hafa komið illa við greinina. Í fjármálaáætlun er minnst á mögulega lækkun tryggingagjalds á tímabilinu sem hún nær yfir og er mikilvægt að þar sé skýrar kveðið að orði og afdráttarlaust sagt til um prósentur og tímasetningar þeirra breytinga.

Mikilvægt er að þegar í stað verði farið í vinnu við að skerpa regluverk og eftirlit með þeim erlendu aðilum sem starfa hér á landi en greiða hér ekki skatta og gjöld til jafns við hólend fyrirtæki né laun í samræmi við íslenska kjarasamninga. Slík starfsemi scekkir samkeppnisstöðu íslensku fyrirtækjanna verulega og eykur hættu á skráningu þeirra erlendis verði ekkert að gert.

Ferðamálaráð bendir á að áform um að færa ferðaþjónustuna úr neðra þrepi virðisaukaskatts í það hærra koma óhjákvæmilega niður á samkeppnishæfni greinarinnar. Í helstu samkeppnislöndum sem hafa fleiri en eitt þrep virðisaukaskatts er ferðaþjónustan ávallt í því lægra.

Ferðamálaráð tekur undir ábendingar í framkomnum umsögnum ferðaþjónustuaðila um að áformuð virðisaukaskattshækkun muni hafa mest neikvæð áhrif á ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni.

Gagnrýnisvert er að ekki skyldi vera haft samráð við greinina í aðdraganda skattabreytinganna.

Ferðamálaráð hvetur Alþingi til að taka fullt tillit til ofangreindra atriða

Ferðamálaráð fagnar aftur á móti auknum fjárframlögum til stoðkerfis ferðaþjónustunnar sem fram koma í áætluninni, ekki síst áherslu fjármálaáætlunar á auknar rannsóknir og greiningar á ferðaþjónustu, enda er nauðsynlegt að greina mun ítarlegar en gert hefur verið stöðu greinarinnar og hagræn áhrif hennar, kauphegðun ferðamanna, samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar og áhrif greinarinnar á mismunandi landshluta og sveitarfélög svo fátt eitt sé talið.